


## Spillivagninn – sérstök söfnun raftækja og spilliefna

Mosfellsbær hefur áhuga á að auka flokkun og skil raftækja og spilliefna í sveitarfélaginu.

Mosfellsbæ stendur til boða að taka þátt í tilraunaverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um Spillivagn, sem safnar raftækjum og spilliefnum í hverfum og gerir heimilunum auðveldara að flokka. Reykjavíkurborg er upphafsaðila átaksins og hefur þegar hafið verkefnið.



Spillivagninn myndi fara í hverfi Mosfellsbæjar og auðvelda íbúum að losna við smærri raftæki og spilliefni á öruggan hátt. Bæjarbúar gætu komið smærri raftækjum og spilliefnum í vagninn á ákveðnum stöðum á ákveðnum tíma, venjulega frá kl. 15:00-20:00 á virkum dögum, en hingað til hafa íbúar einungis getað skilað þessum úrgangsflokkum á Endurvinnslustöðvar SORPU bs. Spillivagninn er hrein viðbót við þá þjónustu. Einnig mun verkefnið vekja athygli íbúa á aukinni endurvinnslu raftækja og spilliefna.

Lögum samkvæmt er bannað að henda spilliefnum í gráu tunnuna undir blandaðan úrgang. Engu að síður má ætla að um 150 tonn af raftækjum og spilliefnum hafi farið þá leið og verið urðuð í Álfnesi í fyrra. Raftæki sem hafa þjónað sínum tilgangi innihalda oft spilliefni, en einnig ýmis verðmæt og jafnvel sjaldgæf hráefni og jafnvel nýtanlega hluti sem æskilegt er að endurvinna og nýta í framleiðslu nýrra raftækja eða annarra hluta.

Markmið átaksins er að auka magn raftækjaúrgangs og spilliefna sem er meðhöndlaður með réttum hætti. Átakið er samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SORPU bs. og Efnamóttökunnar.

## Markmið Spillivagnsins

Að auka magn raftækjaúrgangs og spilliefna sem er meðhöndað með réttum hætti.

## Hvað hirðir Spillivagninn?

Rafhlöður og rafgeyma / ljósaperur og hitamæla / Málningu, grunna, bón, viðarvörn, lím og lökk, hreinsiefni og lífræn leysiefni / stíflueyðir / eitur; skordýra-, rottu- og illgresis/ olíu og feiti /raftæki, s.s brauðristar, vöflujárn, hárbólásara, síma, rakvélar, snúrur, spjaldtölvur, sléttujárn og ýmislegt fleira.

- Íbúar með meira en 20 lítra eða 15 kg af slíkum af spilliefnum er beint á Endurvinnslustöðvar SORPU.
- Raftæki mega ekki vera meira en 50 cm á kant
- Ekki tekið við fyrirtækjaúrgangi

## Kostnaður Mosfellsbæjar fyrir þátttöku í verkefninu væri eftirfarandi:

Fastur kostnaður pr. sv.félag, greiðist fyrirfram 150.000 kr. án vsk.

Breytilegur kostnaður, fyrir hverja vakt 142.000 kr. án vsk.

Móttökugjald skv. samningi Sorpu og EM

Mosfellsbær, 15.02.2018



Tómas G. Gíslason

Umhverfisstjóri Mosfellsbæjar